

Opnunartími um páska

Klúbburinn Geysir verður lokaður yfir páskana (8-12 apríl), nema laugardaginn 10. apríl verður opið frá kl. 10.00 til 16.00. Þá verður snædd páskamáltíð að hætti hússins.

Páskamáltíðin:

Forréttur: Laxafiðrildi

Aðalréttur: Lambafilé með appelsínusósu, bakaðar

ostakartöflur, hrásalat og grænmeti. Eftirréttur: Ávextir, ís og kaffi.

Verð: 500 kr.

Hvetjum félaga til að skrá sig!!!

Opnum aftur þriðjudaginn
13. apríl kl. 09.00

Sumarferðin til Eyja

Sumarferðin í ár verður farin til Vestmannaeyja 4. til 6. júní og ekki seinna vænna að félagar skrái sig í ferðina. Hægt er að skrá sig í móttökunni. Verð fyrir fyrir manninn er kr. 6.600, en þá er miðað við rútu frá Reykjavík til Þorlákshafnar, Herjólf og gistingu í tvær nætur. ATH! Hvorki matur né útsýnisferðir innifaldar í þessu verði.

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 09.00 - 16.00,
nema föstudaga er lokað kl. 15.00.

Fyrsta fimmtudag hvers mánaðar er opið til kl. 21.00

Fram undan í apríl

Fimmtudaginn 1. apríl verður opið hús til kl. 21.00.



Miðvikudaginn 7. apríl verður deilt út litlum páskaeggjum í lok húsfundar.



Laugardaginn 10. apríl verður opið frá kl. 10.00 til 16.00. Snædd verður góð páskamáltíð og spjallað.



Fimmtudaginn 15. apríl verður kaffihúsaferð. Stefnt er að því að mæta á Café Paris kl. 20.00.

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félaga til mæta á þessa fundi.

Húsfundir!

Húsfundir eru haldnir tvisvar í viku, mánudaga kl. 09:30 og miðvikudaga kl. 13:00. Ef félagar vilja hafa áhrif og koma sjónarmiðum sínum á framfæri eru húsfundir rétti vettvangurinn til að taka þátt í mótun starfsins.

Allir að mæta!!!

04. tölublað, apríl 2004

Litli Hver



Góðar fyrirmyndir

Ráðstefna Félagsmálaráðuneytisins 26. mars sl.

Ráðstefna Félagsmálaráðuneytisins, „Góðar fyrirmyndir“ var haldin í tengslum við Evrópuár fatlaðra föstudaginn 26. mars sl. á Nordica Hotel. Fyrir hádegi voru kynnt verkefni sem hlutu styrk úr styrktarsjóði Evrópuárs fatlaðra, en eftir hádegjöld var fjallað um góðar fyrirmyndir í þjónustu fatlaðra. Klúbburinn Geysir var með kynningu á

hugmyndafræði Fountain House og RTR, sem Jón Sigurgeirsson, Helga Hallbjörnsdóttir, Rósmunda Rúnarsdóttir og fulltrúi frá Íslandsbanka fluttu. Klúbburinn lokaði kl. 13:00 svo að félagar gætu verið viðstaddir ráðstefnuna og stutt við bakið á okkar fólk. Á myndinni hér fyrir ofan er hluti félaga og starfsfólks Geysis á ráðstefnunni.



Skipholti 29, 105 Reykjavík Sími: 551-5166
Netfang: geysir@heimsnet.is
Veffang: www.kgeysir.is

Aðstandenda- dagur verður 1. maí 2004

Meðal félaga og starfsfólks í Geysi hefur lengi blundað sú löngun að efna til aðstandendadags til að styrkja tengsl aðstandenda og félaga, og kynna þeim starfsemi klúbbsins. Nú hefur verið ákveðið að hafa slíkan dag laugardaginn 1. maí nk. Húsið verður þá opið frá kl. 13.00 til 15.00. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti, leiðsögn um húsið og kynning á hugmyndafræði Fountain House, sem Klúbburinn Geysir byggir á. Þeir sem hefðu áhuga á að taka virkan þátt í undirbúningi eru beðnir um að skrá sig í móttökunni og koma upplýsingum til aðstandenda sinna, sem undirbúningshópurinn mun láta prenta.

Allir taki þátt!

Fréttir úr viðhaldsdeild

Nokkrar umbætur hafa verið unnar á heimili og varnarþingi viðhaldsdeildarinnar. M.a. hefur veggur verið styrktur vegna ruslagraða sem þar var komið upp auk þess sem deildin hefur nú yfir tölvu að ráða, sem auðveldar mun hvers kyns eyðublaðagerð og gagnainnslátt. Helstu verkefni undanfarnar vikur hafa verið að koma upp aðstöðu fyrir RTR eininguna og er nú

orðið sæmilega vistlegt þar. Einnig hefur verið komið upp ljósum á skrifstofu og mun verða áframhald á því verki. Reynt hefur verið að koma á deildarfundum á morgnana og eftir hádegi, eins og tíðkast í öðrum deildum og er að komast nokkur festa á þá, þó betur megi gera. Nú er vorhugur í mönnum, þrátt fyrir vetrarríki þegar þetta er skrifað, en horfir til bóta með veður.

Heimsókn í Hringsjá

Farið var í heimsókn í Hringsjá mánudaginn 22. mars síðastliðinn. Góð þátttaka var í ferðinni. Skólastjórinn tók á móti okkur og kynnti okkur nám við skólann og fór með okkur um staðinn.

Síðan fór hópurinn og skoðaði úrvalið í Góða hirðinum, þar sem keyptir voru nýir pottar undir blómin í Geysi.

Skipulagsdagur 18. mars sl.

Við vorum með skipulagsdag þann 18. mars síðastliðinn, og gekk hann ágætlega, þrátt fyrir að fólk þreyttist nokkuð við svo langa fundarsetu. Til að eldhúsdeildin þyrfti ekki að vinna að því að elda, var ákveðið að panta pizzu sem rann ljúflega niður. Niðurstöður dagsins verða kynntar síðar.



Fulltrúar Geysis sem stigu í pontu á ráðstefnunni „Góðar fyrirmyndir“ ásamt fulltrúa Íslandsbanka. F.v. Kristín Baldursdóttir Íslandsbanka, Helga Hallbjörnsdóttir, Jón Sigurgeirsson og Rósamunda Rúnarsdóttir félagar í Geysi.

Bjartari tíð í nýjum og bættari búningi

Kynningarbæklingur Geysis, „Bjartari tíð“, sem afhentur er nýjum félögum og fagaðilum sem koma til þess að kynna sér klúbbinn hefur verið í endurskoðun að undanfögnu. Nú fer vonandi að líða að því að hann líti dagsins ljós. Efni hans hefur verið uppfært og nýir þættir í starfsemi klúbbsins verið settir inn. Sérstakur kafli er um RTR, ljósmyndum úr starfinu verið fjölgað, auk þess sem nýtt útlit kápu verið hannað og uppsetning gerð meira aðlaðandi. Við vonum að félagar taki breytingunum fagnandi.

Dansinn dunar í farvatninu

Unnið hefur verið að því að koma í gang dansnámskeiði fyrir klúbbfélaga. Nokkur áhugi er fyrir slíku og er unnið að því að ná hagstæðum samningum við danskennara sem verið hefur í sigtinu. Biðjum félaga að hafa biðlund um sinn og afskrifa ekki dansskóna strax. Karlmennt endilega

Knattspyrnu- og Teríufréttir

Mikil gróska er í rekstri kaffiteríunnar, kökur bakaðar, samlokur smurðar og smørrebrød skreytt. Með hækkanði sól er einnig stefnt að því að halda knattspyrnskóla Kára úti í sumar. Skorað er á félagar og starfsfólk Geysis að taka frá tíma fyrir komandi sparktíð. Allir af



Kynningar fyrir nýja félaga eru á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10.00 til 12.00